



Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa

3. maí 2019 kl. 14.30

haldinn hjá Mími, Öldugötu 23

Fundarstjóri: Sigríður Sigurðardóttir

Mættir: 16 þar af einn í fjarfundarbúnaði.

1. Skýrsla stjórnar

Helga Tryggvadóttir formaður FNS byrjaði á að kynna stjórnina fór svo yfir ársskýrslu stjórnarinnar. Lesa má ársskýrsluna á heimasíðu FNS.

2. Ársreikningur félagsins

Hildur Katrín Rafnsdóttir gjaldkeri FNS fór yfir ársreikning félagsins.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Ársskýrslan og ársreikningurinn voru samþykkt.

4. Nefndarstörf

Engin nefndarstörf

5. Umræður og afgreiðsla mála

Samþykkt var að vísa eftirfarandi erindum til nefnda og stjórnar:

1. Siðanefnd 2018-2019 leggur til að fræðslunefnd 2019-2020 og siðanefnd 2019-2020 vinni saman næsta vetur að því að glæða umræðu meðal grasrótar fagstéttarinnar um siðferðileg álitamál og hvernig siðareglur FNS uppfylli hlutverk sitt.
2. Siðanefnd 2018-2019 vill leggja til við stjórn FNS 2019-2020 að í dagskrá Dags náms- og starfsráðgjafar 2019 verði fjallað um siðareglur félagsins í tengslum við þær áskoranir sem mæta náms- og starfsráðgjöfum í starfi. Hægt væri að efna til og þeir sem að vinna við sömu aðstæður samræmi vinnubrögð sín varðandi meðhöndlun og geymslu trúnaðargagna og vera með persónuverndarlög til hliðsjónar í þeirri vinnu.
3. Lagt er til að komandi fagrað grunnskóla standi fyrir fræðsludegi fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum á undirbúningsdögum fyrir skólabyrjun haustið 2019.

Fundurinn samþykkti eftirfarandi ályktanir:

1. Ályktun um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.
Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa 2019 hvetur enn og aftur ráðherra mennta- og velferðarmála að taka alvarlega þá vinnu sem fram hefur farið hvað varðar stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf og þeirra ráðuneyti hafa tekið þátt í.
Í of langan tíma hafa málefni fagsins ekki hlotið þá athygli sem fundurinn telur að þau eigi skilið. Fundurinn ítrekar ályktanir frá aðalfundum FNS 2016 og 2017 og býður enn og aftur fram krafta sína og sérþekkingu félagsmanna í vinnu við stefnumótun.
2. Ályktun um réttindamál.
Fundurinn leggur áherslu á að stjórn félagsins beini sjónum að réttindamálum félagsmanna. Þar má nefna undanþágur í grunn- og framhaldsskólum.

6. Kosning í stjórn, nefndir og ráð.

Kosið var í stjórn og nefndir og starfshóp. Umfjöllun um kjararáð sem var á dagskrá var frestað.

Stjórn FNS

Helga Lind Hjartardóttir, Mímir Símenntun

Helga Tryggvadóttir, Framvegis

Hildur Katrín Rafnsdóttir, Háskólinn í Reykjavík

Klara Guðbrandsdóttir, FSU

Margrét Björk Arnardóttir, Háskólaþing Vestfjarðar

Sigríður Sigurðardóttir, Varmárskóli

Svanhildur Svavarsdóttir, Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ

Fræðslunefnd

Anna Monika Arnórsdóttir, VMST

Inga Berg Gísladóttir, HÍ

Sigrún Fjelsted, FÁ

Upplýsinga- og kynninganefnd

Fjóra María Lárusdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis

Sigríður Sigurðardóttir, Varmárskóli (f.h. stjórnar)

Siðanefnd

Hildur Ingólfssdóttir, Dalskóla

Hrönn Grímsdóttir, Austurbrú

Klara Guðbrandsdóttir, FSu (f.h. stjórnar)

Lýdía Sigurðardóttir, HÍ

Fagráð – Grunnskóli

Elsa Þorsteinsdóttir, Salaskóla

Hildur Ingólfssdóttir, Dalskóla

Sigríður Sigurðardóttir, Varmárskóla (f.h. stjórnar)

Fagráð – Framhaldsskóli

Fríður Reynisdóttir, MH

Kristín Birna Jónasdóttir BHS

Svanhildur Svavarsdóttir FMOS (f.h. stjórnar)

Fagráð – Háskóli

Aðalbjörg Guðmundsdóttir, HI

Hildur Katrín Rafnsdóttir, HR (f.h. stjórnar)

Fagráð – Atvinnulífið

Guðbjörg Gerður Gylfadóttir, MSS

Helga Lind Hjartardóttir, Mímir (f.h. stjórnar)

Nefnd um norrænt samstarf

Ásthildur Guðlaugsdóttir, Kársnesskóli

Dagný Broddadóttir, FG

Elísabet Pétursdóttir, Kópavogsskóli

Ingibjörg Bragadóttir, Smáraskóli

Ketill Jósepsson, Vinnumálastofnun

Margrét Björk Arnardóttir, Háskólaásetur Vestfjarðar (f.h. stjórnar)

Starfshópur vegna stefnumótunar FNS

Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Helga Tryggvadóttir, Framvegis (f.h. stjórnar)

Ingibjörg Kristinsdóttir, Framvegis

Kolbrún Vilhjálmsdóttir, Grunnskólinn í Hveragerði

Sigríður María Tómasdóttir, Kvennaskólinn

7. Lagabreytingar

Stjórn FNS lagði til eftirfarandi breytingu á lögum félagsins:

7. gr. hljóðar svo: Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa er haldinn í apríl mánuði ár hvert. Hann hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Til hans skal boðað með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Breytingartillaga: í stað „apríl mánuði“ standi „apríl eða maí“.

Tillaga stjórnar var ekki samþykkt. Inga Þóra Ingadóttir kom með eftirfarandi *breytingatillögu:* í stað „apríl mánuði“ standi „apríl/maí“. Sú tillaga var samþykkt.

8. Önnur mál

1. Hrönn Baldursdóttir kom með athugasemd og tillögu um að dagur náms- og starfsráðgjafa yrði haldinn í mars ár hvert í stað október ár hvert. Um þetta sköpuðust umræður og þar kom fram að upphaflegur tilgangur Dags náms- og starfsráðgjafa var til að vekja athygli á starfi og kynna starf náms- og starfsráðgjafa. Rætt var um að mögulega væri hægt að hafa dagana tvo á ári. Í maí þar sem dagurinn gæti snúist um félagið út á við. Í október þar sem dagurinn gæti snúist um félagið inn á við þar sem við í félaginu gætum lært hvert að öðru. Lagt var til að félagið myndi skoða þessi mál með tilliti til þess að framhaldsskólakynningar og háskóladagurinn eru að vori.
2. Í framhaldi af umræðu Hrannar vakti Helga Lind Hjartardóttir athygli á að við þurfum í sameiningu að tala upp stéttina og hjálpast að við að koma okkur á framfæri. Einn liður í því gæti verið að gera lyklakippu merкта félaginu sem gæti verið afhent á degi náms- og starfsráðgjafa til þeirra sem greitt hafa félagsgjöldin.

Að lokum voru félagsmenn hvattir til að lesa ársskýrsluna og koma með tillögur að breytingum og hugmyndum sem eflt geta félagið.

Fundi slitið.

Boðið var upp á léttar veitingar að fundi loknum.

Fundaritari:

Klara Guðbrandsdóttir

3. maí 2019